

**Fundinn sátu:** Jónas Guðmundsson, Guðlaug B. Guðjónsdóttir, Árni Einarsson, Hildur Helga Gísladóttir Laufey Guðmundsdóttir og Halldór Sævar Guðbergsson. Varastjórn: Ásdís Eva Hannesdóttir, Hrannar B. Arnarson og Jón Aðalsteinn Bergsveinsson. Stefanía G Kristinsdóttir starfsmaður Almannaheilla sat einnig fundinn.

### Dagskrá:

1. Fundargerð
2. Norrænt samstarf
3. Skráning Almannaheilla sem félags til almannaheilla og á almannaheillaskrá
4. Samningar við Reykjavíkurborg/Fundur fólksins
5. Samfélagsleg nýsköpun
6. Dagur sjálfboðaliða 5. des.
7. Siðareglur—ný drög
8. Heimsmarkmiðin, samningur og næstu skref
9. Könnun meðal aðildarféлага
10. Desemberfundur
11. Önnur mál

1. Fundargerðin samþykkt.
2. Jónas, Hildur Helga, Ásdís og Hrannar sögðu frá norrænum fundum sem þau sátu fyrir í mánuðinum á vegum Nordic Civil Society Network og fleiri aðila. Fundirnir eru meðal annars liður í áætlun Norrænu ráðherranefndarinnar um að Norðurlönd verði orðin sjálfbærasta og samþættasta svæði í heimi árið 2030.
3. Opnað hefur verið á skráningu félagsamtaka á almannaheillafélagaskrá og almannaheillaskrá. Formaður vinnur að pistli þar sem félög og samtök er hvött til þess að skrá sig. **Samþykkt að fela starfsmanni að taka saman leiðbeiningar um skráningarnar og birta á vefsíðu Almannaheilla. Samþykkt að fela starfsmanni að skrá Almannaheill bæði sem félag til almannaheilla og á almannaheillaskrá.**
4. Almannaheill sendi borginni greinargerð um Fund fólksins 31. október síðastliðinn. Í samtölum hefur komið fram að afstaða borgarinnar til samningsins er óbreytt. **Framundan eru frekari fundarhöld fulltrúa Almannaheilla og Reykjavíkurborgar.**
5. Rætt um inntak samstarfsins við Garðabæ, sameiginlega viðburði, fræðslu tengingu við Alheimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna. **Framundan eru fundir með fulltrúum Garðabæjar um samstarf við Almannaheill.**
6. Rædd drög að starfs- og verkefnaáætlun fyrir næsta ár. Rætt um að hvetja almannasamtök til þess að minnast dagsins.
7. Sagt frá vinnustofu um siðareglur sem haldinn var 10. nóvember síðastliðinn. Fulltrúum aðildarféлага var boðið að taka þátt í vinnustofunni. Gert er ráð fyrir að siðareglur

Almannaheilla gildi fyrir öll aðildarfélög (auk þess sem mörg önnur félög geta notað þær sem fyrirmynd að eigin reglum). Ætlunin er að leggja tillögur að endurskoðuðum á síðareglum fyrir stjórn fyrir lok árs 2021. Nýjar reglur verða teknar fyrir á aðalfundi 2022.

8. Samningur við Félag Sameinuðu Þjóðanna um kynningu á heimsmarkmiðunum fyrir félagasamtökum hefur verið endurnýjaður. Samkomulagið felur í sér að Almannaheill standi fyrir a.m.k. 4 fræðslufundum, miðli upplýsingum á vef sínum og kanni þekkingu aðildarfélaga sinna á heimsmarkmiðunum í árlegri könnun sem næst fer fram 2022.
9. Rætt um könnun meðal aðildarfélaga Almannaheilla um væntingar þeirra til starfsemi og þjónustu Almannaheilla.
10. Fyrirhugaðri heimsókn til Öryrkjabandalagsins verður frestað um óákveðinn tíma af sóttvarnaástæðum.
11. Önnur mál
  - a. Formaður upplýsti að Skógræktarfélag Íslands hefði óskað eftir að ganga á ný í Almannaheill. Fyrirliggjandi gögn sýna að félagið uppfyllir aðildarkröfur Almannaheilla. **Umsóknin samþykkt.**
  - b. Rætt um ákvæði í lögum Almannaheilla um aðild og hvenær vangoldin félagsgjöld leiða til afskráningar. Mögulega þarf að endurskoða þennan lið til þess að gera hann skýrari.

Fundi slitið kl. 10:50.